

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 26. apríl 1984.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.

24. apríl 1984

Nr. 17

LÖG

um sjóntækjafræðinga.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru.

1. gr.

Rétt til þess að kalla sig sjóntækjafræðing og starfa sem slíkur hefur sá einn sem til þess hefur leyfi heilbrigðismálaráðherra.

2. gr.

Leyfi skv. 1. gr. skal veita þeim íslenskum ríkisborgurum sem lokið hafa prófi frá skólum sem viðurkenndir eru sem slíkir af heilbrigðisstjórn þess lands sem námið er stundað í. Leita skal umsagnar prófessorsins í augnsjúkdómum við Háskóla Íslands, félags sjóntækjafræðinga og landlæknis áður en leyfið er veitt.

3. gr.

Nú uppfyllir umsækjandi skilyrði 2. gr. að öðru leyti en því að hann hefur ekki íslenskt ríkisfang, er þá ráðherra heimilt að veita honum ótakmarkað eða tímabundið leyfi að fenginni umsögn sömu aðila og um getur í 2. gr.

4. gr.

Ráðherra getur veitt íslenskum ríkisborgurum, sem eru í starfi við gildistöku laganna og hafa starfað í 5 ár samfellt, ótakmarkað starfsleyfi að fenginni umsögn sömu aðila og um getur í 2. gr.

5. gr.

Sjóntækjafræðingur annast alla almenna gleraugnaþjónustu, þ. e. a. s. sölu gleraugna og vinnslu þeirra.

Sjóntækjafræðingi er einungis heimilt að fullvinna og selja sjónhjálpartæki (gleraugu og snertilinsur) að fyrir liggja tilvísun og/eda forskrift læknis.

6. gr.

Óheimilt er að ráða til hvers konar sjóntækjafraeðistarfa aðra en þá sem hafa starfsleyfi samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Sjóntækjafraeðingi ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar er varða starfið.

8. gr.

Sjóntækjafraeðingi er skylt að halda dagbók um þá er leita til hans og aðrar skýrslur í samræmi við fyrirmæli landlæknis.

9. gr.

Um sjóntækjafraeðinga gilda að öðru leyti reglur læknalaga, nr. 80/1969. Reglur læknalaga gilda um viðurlög við brotum í starfi, sviptingu starfsleyfis og endurveitingu starfsréttinda.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

10. gr.

Ráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1984.

Steingrímur Hermannsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Magnús Þ. Torfason.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

LÖG

um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru.

1. gr.

Ríkið starfræki stofnun sem nefnist Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra. Fyrir stofnuninni skal vera yfirlæknir, sérmenntaður í augnsjúkdómum og skal hann annast daglega stjórn stofnunarinnar. Aðrir starfsmenn skulu vera sjóntækja- og sjónfraeðingar, sjónþjálfar, félagsráðgjafar, tæknimenn ásamt aðstoðarfólki.